

Viðskiptaafgangur 0,3 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2018 – hrein staða við útlönd jákvæð um 235 ma.kr.

Á fyrsta ársfjórðungi 2018 var 0,3 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Halli á vöruskiptajöfnuði var 27,8 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði¹ var 32,6 ma.kr. Frumþáttatekjur voru með 0,1 ma.kr. halla og rekstrarframlög um 4,3 ma.kr. halla.

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2018 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.096 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 2.861 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 235 ma.kr. eða 9% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 55 ma.kr. eða 2,1% af VLF. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 58 ma.kr. Skuldir hækkuðu um 40 ma.kr. og erlendar eignir um 98 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta. Gengis- og verðbreytingar höfðu neikvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 28 ma.kr. Skýrist það af 3,5% hækkun á gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum miðað við gengisskráningarvog og tæplega 2% verðlækkunum á erlendum verðbréfamörkuðum á ársfjórðungnum.

¹ [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

² Sjá Hagtölur á www.seðlabanki.is

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2017, Q1</u>	<u>2017, Q2</u>	<u>2017, Q3</u>	<u>2017, Q4</u>	<u>2018, Q1</u>
Viðskiptajöfnuður	5,7	12,4	66,5	2,2	0,3
Vöruskiptajöfnuður	-34,9	-46,2	-45,7	-40,2	-27,8
Þjónustujöfnuður	41,3	61,4	116,0	53,4	32,6
Jöfnuður frumþáttatekna	3,5	2,8	0,7	-5,1	-0,1
Rekstrarframlög, nettó	-4,3	-5,6	-4,5	-5,9	-4,3
Jöfnuður fjárframlaga	-0,3	-0,3	-0,3	-0,5	-0,4
Fjármagnsjöfnuður	-7,4	3,4	76,7	7,8	57,6
Bein fjárfesting	-4,2	29,0	-24,6	-10,9	30,3
Verðbréf	36,5	152,4	48,0	39,8	-25,3
Afleiður	1,3	2,4	3,9	-0,4	1,8
Önnur fjárfesting	-39,5	-72,6	27,6	-22,0	75,6
Gjaldeyrisforði	-1,6	-107,7	21,8	1,3	-24,8
Skekkiur og vantalið, nettó	-12,8	-8,7	10,4	6,1	57,8

Tafla 2. Breyting á erlendra stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok Q4 2017	Fjármagnsjöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok Q1 2018
Erlendar eignir, alls	3.087	98	-105	16	3.096
Bein fjárfesting	692	8	-22	17	695
Verðbréf	1.181	25	-55	0	1.151
Afleiður*	13	2	0	0	15
Önnur fjárfesting	513	88	-17	-1	583
Gjaldeyrisforði	687	-25	-10	0	652
Erlendar skuldir, alls	2.907	40	-77	-10	2.861
Bein fjárfesting	1.179	-22	-48	-2	1.105
Verðbréf	1.135	51	-12	-1	1.173
Afleiður*	11	0	-3	0	8
Önnur fjárfesting	583	12	-14	-7	574
Hrein staða við útlönd	180	58	-28	26	235
Hrein staða við útlönd, % af VLF	6,9%	2,2%	-1,1%	1,0%	9,0%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá gagnasöfnun og upplýsingavinnslu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.